

# Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta,  
ofan koma af fjöllum.  
Í fyrrkvöld þeir fóru að hátta  
á undan Jóni á Völlum.

Andrés stóð þar utan gátta  
það átti að færa hann tröllum  
en þá var hringt í Hólakirkju,  
öllum jólabjöllum.

